

mæla með því, að hann víki sæti, og ber honum samkvæmt því ekki að gera það.

Ályktunarorð:

Hinum reglulega dómara, Jóni Ísberg, ber ekki að víkja sæti í máli þessu.

---

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 65/1970. **Dánarbú Valdimars Þorsteinssonar**  
(Agnar Gústafsson hrl.)  
gegn  
**Hólmfríði Snæbjörnsdóttur**  
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1970 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.100.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um lëkkun reikningsfjárhæðar vegna galla á verki áfrýjanda.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Afrýjandi, dánarbú Valdimars Þorsteinssonar, greiði stefnda, Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1969.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. þ. m., hefur Valdimar Þorsteinsson, Miklubraut 54, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1968, á hendur Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, Bræðaborgarstíg 26, Reykjavík, til greiðslu eftirstöðva af skuld að fjárhæð kr. 11.100.00 ásamt 1% vanskilavöxtum pr. mánuð frá 1. desember 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu aðalstefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Í stefnu aðalsakar er málavöxtum lýst svo, að aðalstefnandi hafi tekið að sér að smíða fataskáp í útgang á heimili aðalstefnda að Bræðraborgarstíg 26 fyrir kr. 15.000.00. Einnig að lagfæra útihurð, sem kostað hafi kr. 1.200.00, klæða í op á vegg milli eldhúss og útgangs, kostnaður kr. 2.000.00. Þá hafi hann selt aðalstefnda hörplötu á kr. 100.00 og loftrist í bað á kr. 400.00. Þá hafi hann tekið mál af gluggabotni o. fl. og sé þessi liður ásamt ferðakostnaði kr. 400.00. Samtals sé reikningur aðalstefnanda því kr. 19.100.00. Inn á reikning þennan hafi aðalstefndi greitt kr. 8.000.00, en eftirstöðvarnar hafi ekki fengizt greiddar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Umrætt verk hafi verið framkvæmt í september, október og nóvember 1966.

Með stefnu, útgefinni hinn 1. apríl 1968, höfðaði aðalstefndi gagnsókn í málinu til endurgreiðslu á gagnkröfu að upphæð kr. 8.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1966 og til þess, að gagnstefndi fjarlægji á sinn kostnað umræddan skáp í forstofu hússins nr. 26 við Bræðraborgarstíg, Reykjavík, og annað, er hann hafi annazt um smíði á þar, að viðlögðum dagsektum, sem dómarrinn ákveði, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Í gagnstefnu er málavöxtum lýst svo, að gagnstefnandi hafi fengið gagnstefnda til þess að smíða skáp í forstofu hússins nr. 26 við Bræðraborgarstíg svo og til að gera ýmislegt smávegis

annað, sem áður hefur verið rakið. Gagnstefnandi hafi verið nýbúinn að kaupa þessa íbúð í smíðum og verið mjög annt um að vanda til allra innréttinga. Meðan á verkinu stóð, hafi gagnstefnandi kvartað yfir göllum á verkinu við gagnstefnda, en hann ekki sinnt þeim umkvörtunum. Hafi gallarnir komið enn betur í ljós, eftir að verkinu var lokið.

Heildarkostnaður við verkið hafi numið, eins og áður sagði, kr. 19.100.00 og hafi gagnstefnandi greitt kr. 8.000.00, en neitað frekari greiðslum vegna gallanna.

Af hálfu gagnstefnda er krafizt sýknunar af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Í greinargerð rekur aðalstefndi meinta galla á verki aðalstefnanda. Loftristin sé hornskökk og svo þvinguð í ísetningu, að hún hafi klofnað út frá skrúfum og sprungið. Þá hafi alls staðar sprungið út frá skrúfunum í veggnum, þar sem hún er fest. Við skáp hafi efnisval og smíði alveg mistekizt. Sé spónn í hurðum ekki rétt skorinn og auk þess kal í honum. Listar milli hurða og við hliðar hurða séu ekki rétt festir og auk þess greinilega bogrir. Þá vanti spón á lista, sem er að neðan, þar sem stýring sé. Skáphurðirnar eigi að ganga í braut og falla inn í stýringu, en geri það ekki. Hafi hurðirnar hrokkið upp úr brautunum og fallið inn í skápinn, sem hafi orsakað, að brotnað hafi upp úr spóninum neðan til á hurðunum.

Aðalstefnandi, Guðlaugur Valdimar Þorsteinsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi samið við aðalstefnda, Hólmfríði, um smíði fataskápsins fyrir ákveðna fjárhæð, kr. 15.000.00, en síðar hafi verið samið um hina hluta verksins. Vinnan við útihurðina hafi verið í því fólgin að setja áfellur á hana innanverða, setja tré-tappa yfir naglaför, hreinsa og bera á hana. Skápurinn hafi verið settur upp í september 1966 og stuttu síðar hafi hann beðið aðalstefnda um greiðslu. Hafi hún þá hreyft mótmælum og í framhaldi af því hafi orðið að samkomulagi að gera nokkrar lagfæringar á skápnum, m. a. hafi hann tekið neðri hurðirnar af skápnum inn á verkstæði til sín og látið þær í pressu.

Af hálfu aðalstefnanda hefur verið mótmælt, að umrætt verk hafi á nokkurn hátt verið gallað.

Aðalstefndi, Hólmfríður, hefur skýrt svo frá, að hún hafi samið um smíðina á skápnum. Hafi hún beðið um, að skápurinn væri í sama lit og hurðir, þannig að hann félli vel inn í annað tréverk. Hafi ekki verið samið um ákveðið verð, aðeins að skápurinn væri vandaður. Hafi hún spurt aðalstefnanda, hvað skápurinn

mundi kosta, en hann sagt, að það væri erfitt að áætla það. Þegar aðalstefndi hafi kvartað undan göllum á skápnum, hafi aðalstefnandi sagt, að skápurinn mundi verða henni ódýr, þar sem hann væri að hætta við verkstæði og hefði hann átt þetta efni. Hafi aðalstefnandi sagzt mundu geta lagfært gallana með því að setja hurðir í pressu og losa með uppistöðum. Hafi aðalstefnandi gert þetta, en með engum árangri, að því er aðalstefndi telur. Þá hafi áföllur þær á útihurðinni, er aðalstefnandi setti, verið með öðrum viðarlit en hurðin sjálf. Aðalstefndi kveðst ekki muna, hvort hún bað aðalstefnanda að hreinsa og bera á útihurðina.

Dómendur hafa farið á heimili aðalstefnda að Bræðraborgarstíg 26, Reykjavík, til þess að skoða umrætt verk. Þegar inn er komið, er fataskápurinn á hægri hönd. Er hann með rennihurðum, 3 stórum að neðan, en minni að ofan. Brotnað er upp úr spón á neðsta hluta neðri hurðanna, sem stafar af því, að þær hafa farið úr brautinni, sem þær eiga að ganga í. Greina má kal í spóni á hurðum, en ekki áberandi. Skáphurðirnar eru ekki meira undnar en gengur og gerist um svo stóra viðarfleti. Loftrist á salerni er hornskökk. Hefur hún sprungið, að öllum líkindum vegna þess, að ein skrúfan hefur verið sett skökk í. Áföllur á innanverðri útihurð eru úr tekki, en útihurð úr mahogny. Mis-munurinn á viðarlitnum er þó lítið áberandi. Ekki eru sjáanlegir gallar á því verki aðalstefnanda að klæða í op á milli eldhúss og útgangs.

Að öllu athuguðu, sem fram hefur komið í máli þessu, og sér-staklega með hliðsjón af vettvangsskoðun dómenda verður ekki talið, að slíkir verulegir gallar séu á verki aðalstefnanda, að skilyrði riftunar séu fyrir hendi samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1922. Þykir dóminum rétt við úrlausn aðalsakar að ákvarða endurgjald fyrir verk það, sem aðalstefnandi framkvæmdi fyrir aðalstefnda. Þykir það hæfilega ákveðið með hliðsjón af göllum á verkinu, afleiðingum gallanna á þeim tíma, sem verkið var unnið á, og kostnaði við endurbætur nú kr. 11.000.00. Aðalstefndi hefur þegar greitt kr. 8.000.00 af þessari fjárhæð. Verða úrslit aðalsakar því þau, að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda kr. 3.000.00 og vexti af þeirri fjárhæð, sem ákveðast 7% frá 1. desember 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum aðalsakar verða úrslit gagnsakar þau, að aðalstefnandi verður sýknaður af kröfum aðalstefnda.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Ásgeir Thoroddsen setudómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hjalta Geir Kristjánssyni arkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Hólmfríður Snæbjörnsdóttir, aðalstefnanda, Valdimar Þorsteinssyni, kr. 3.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda. Málskostnaður í gagnsök og aðalsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 20. október 1971.

Nr. 38/1971.

**Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
 gegn

**Ingvari Róbert Valdimarssyni**

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og nokkur ný gögn lögð fram.

Málsatvik að broti ákærða eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að staðfesta héraðsdóminn um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi getur, er af hálfu Véladeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga krafizt 30.000.00 kr. skaðabóta af ákærða vegna afnotamissis og kostnaðar við að gera bifreiðina söluhæfa á ný.

Í bréfi bótakrefjanda til lögmanns síns. dags. 24. nóvember 1970, segir m. a.: „Við urðum ekki fyrir neinum beinum